

Óvíst hvað verður um þingflokk Kvennalista

Veruleg óvissa ríkir um framtíð þingflokks Kvennalistans, eftir að landsfundur samtakanna samþykkti að hefja viðræður við A-flokkana. Þingflokkurinn þriklofnaði í afstöðu sinni.

Þriggja manna þingflokkur Kvennalistans klofnaði frumendur sínar þegar greidd voru atkvæði um tillögu um viðræður við A-flokkana á landsfundi samtakanna um helgina. Guðný Guðbjörnsdóttir greiddi atkvæði með tillögunni, Kristín Halldórsdóttir sat hjá en Kristín Ástgeirsdóttir greiddi atkvæði á móti. Tillagan var samþykkt með 38 atkvæðum gegn 16 og 6 sátu hjá.

Óvíst er hvað verður um þingflokkinn. Kristín Halldórsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir vona báðar að þær geti allar þrjár unnið saman hér eftir sem hingað til á grundvelli stefnuskrár Kvennalistans en Kristín Ástgeirsdóttir segist vera að íhuga stöðu sína. „Það er auðvitað erfitt að vera þingmaður Kvennalistans og algjörlega á móti því sem samtökin eru að gera. Þessi samþykkt



Það var hart deilt um samþykkingarmálin á nýjafstöðnum landsfundi Kvennalistans. Leikar fóru svo að það var samþykkt með 38 atkvæðum gegn 16 og 6 Kvennalistinn ræði við A-flokkana um hugsanlegt samstarf. 6 sátu hjá.

boðar stefnubreytingu. Nú er ég, sem gerði upp við flokkakerfið fyrir 15 árum, ekki síst sóstalismann og arf hans, allt í einu komin í vinstri flokk. Kvennalistinn er búinn að stilla sér upp við hliðina á A-flokkunum, en var stofnaður sem hreyfing sem reyndi að tala máli allra kvenna,“ segir Kristín. Hún segir að þótt framtíðin sé óviss, sé að sumu leyti mikill léttir að loks hafi fengist niðurstaða í þessari löngu og erfiðu umræðu.

Tímamót
Atkvæðagreiðslan markar tíma-

mót í starfi Kvennalistans í ýmsum skilningi. Samtökin hafa til þessa forðast atkvæðagreiðslur eins og heitan eldinn og rætt ágreintingsmál þar til sameiginleg niðurstaða fékkst. Eftir því sem næst verður komist hafa aldrei verið greidd atkvæði um stórmál af þessu tagi fyrr og aldrei verið viðhaft nafnakall eins og gert var um helgina.

Meðal þeirra sem greiddu atkvæði gegn samþykkingu voru ýmsar þeirra sem starfað hafa hvað lengst með Kvennalistanum, t.d. Kristín Einarsdóttir og

Anna Ólafsdóttir Björnsson fyrrverandi þingkonur, Elfn G. Ólafsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir fyrrverandi borgarfulltrúar og varabingmennirnir María Jóhanna Lárusdóttir og Sigríður Lilly Baldursdóttir.

Í hópi þeirra sem samþykktu eru Jóna Valgerður Kristjánssdóttir, fyrrverandi þingkona, og borgarfulltrúarnir Steinunn V. Óskarsdóttir og Guðrún Ágústsdóttir og einnig margar konur sem eru tiltölulega nýbyrjaðar að starfa með Kvennalistanum. -VJ

stutt OG LAGGOTT ALÞINGI

Vilja styrkja efnilega námsmenn

Nú þingmenn úr öllum flokkum hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að fela menntamálaráðherra að undirbúa stofnun styrktarsjóðs námsmanna. Í greinargerð segir að tilgangurinn eigi að vera að veita efnilegu námsfólki styrki til náms og að styrktarsjóðnum sé ekki ætlað á neinn hátt að koma í staðinn fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði stofnaður í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök, vinnuveitendur, launþegsamtök og námsmenn. Fyrsti flutningsmaður er Hjálmar Arnason, Framsóknarflokkur.

Launapróun hjá ríkinu

Tíu þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa óskað eftir skýrslu frá fjármálaráðherra um þróun launa hjá ríkinu, með tilliti til launamunar karla og kvenna. Þar komi m.a. fram hvað hafi verið gert til að draga úr launamun kynjanna hjá ríkinu, hvort kjarasamningar undanfarinna 2 ára hafi dregið úr honum, eins og haldið hafi verið fram og hvort konum hafi fjölgað í hópi embættismanna. Kristín Ástgeirsdóttir, Kvennalista, er fyrsti flutningsmaður þessa þingmáls.

Yfirtaka Keflavíkurflugvallar

Sex þingmenn Alþýðubandalags og Kvennalista vilja að skipuð verði nefnd fulltrúa allra flokka til að ræða við bandarísk stjórnvöld um að Íslendingar taki við rekstri Keflavíkurflugvallar áður en gildandi samkomulag um umfang starfseminnar rennur út. Þingmennirnir telja að vegna breyttra aðstæðna í heiminum og í ljósi þess að Bandaríkjamenn vilji draga úr umsvifum sínum hér, hafi nú skapast ségulegt tækifæri til að setta þjóðina, sem hafi um árabil verið klofin í afstöðu til hersins, með því að hann hverfi af landi brott. Steingrímur J. Sigfússon er fyrsti flutningsmaður.

Smánarblettur

Biðlistarnir eftir hjúkrunarrými fyrir aldraða í Reykjavík eru smánarblettur á velferðarkerfinu, sagði Svavar Gestsson, þingmaður Alþýðubandalagsins, í fyrirsprungartíma á Alþingi. Hann spurði heilbrigðisráðherra hvað ríkisstjórnin hyggðist gera til að bæta ástandið sem væri mjög alvarlegt. Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðherra, sagði að verið væri að taka á þessum málum og á næsta ári yrði veitt 300 milljónum króna í rekstur nýrra heimila.



Hjálmar Arnason.

Parf Geysir að biða Suðurlandskjálfta?

Svo gæti farið að Suðurlandskjálfti reyndist bléssun fyrir Geysi sem er löngu hættur að geta gosið án utanaðkomandi aðstoðar.

Gossaga Geysis er ekki að fullu leyti kunn en fyrstu skrifvörð heimildir um hverasvæðið í Haukadal eru frá árinu 1294. Helgi Torfason hjá Orkustofnun segir að hverinn hafi nánast verið hættur að gjósa árið 1915. Grafirn hafi verið rauf árið 1935 og síðan hafi sápa mikið verið notuð til að hjálpa honum þótt stundum hafi hann gosið aðstöðarlaust. Árið 1982 var raufin orðin nánast full.

Athygli vekur að fyrsta tilraunin til að setja sápu í Geysi var árið 1894 þegar 10 pund fóru ofan í hann. Á 20. öldinni hafa menn að mestu leyti haldið sig við 50 kíló, líkt og gert var í mótmeðlaskyni síðastliðinni föstudag. Líftími hvers er takmarkaður og ef síðasta sápan hefur „dottið“ ofan í Geysi eru líkur á að hann hafi lifað sitt skeið.

Þó eru líkur á að hressilegur Suðurlandskjálfti gæti haft jákvæð áhrif að sögn Helga, „Jarðskjálftar hrista upp í aðfærsluæðum og hreinsa út. Í Suðurlandskjálfta getum við e.t.v. fundið einn jákvæðan flöt í þeim hörmungum sem annars gætu dunið yfir,“ segir Helgi. -BP

Kærir Neytendasamtökin fyrir stuld

Máгур Jóhannesar Gunnarsson fjölfaldaði ólöglegan búnað fyrir Neytendasamtök in að sögn Vilhjálms Inga. Bæjarfulltrúar eru hátið miðað við Vilhjálmm, segir formaður Neytendasamtakanna.

Vilhjálmur Ingi Árnason hefur ákveðið að kæra Neytendasamtökin fyrir stuld á tölvuhugbúnaði til lögreglunnar. Erindið er komið í vörslu lögreglu og nær til búnaðar samtakanna um allt land.

„Ég hef fengið staðfest að hugbúnaðurinn sé ólöglegur og hann er ekki bara notaður á Akureyri heldur um allt land. Máгур Jóhannesar Gunnarssonar fjölfaldaði þetta og þegar ég reyndi inn-ann samtakanna í framkvæmdastjórn að fá botn í málið, var mér víkið frá áður en það var tekið fyrir. Það er betra að forna einum en mörgum en ég ætla ekki að vera neinn ómerkingur í þessu og kærir nú til lögreglu til að hlaða sanna komi í ljós,“ segir Vilhjálmmur Ingi Árnason. „Vilhjálmur verður að lærast að einstaklingurinn er ekki aðalatriðið í neytendabjóstun heldur það sem fengist er við,“ segir Drífa Sigfúsdóttir.



„Ég ætla ekki að vera neinn ómerkingur í þessu máli og kærir nú til lögreglu til að hlaða sanna komi í ljós,“ segir Vilhjálmmur Ingi Árnason. „Vilhjálmur verður að lærast að einstaklingurinn er ekki aðalatriðið í neytendabjóstun heldur það sem fengist er við,“ segir Drífa Sigfúsdóttir.

tökin enn framið lögbrot með nýrri fjölföldun á búnaði og sparað sér stórfé.

Vilhjálmur lagði eftirfarandi tillögu fyrir stjórn Neytendasamtakanna 25. október sl. „Stjórn Neytendasamtakanna ávitar framkvæmdastjóra samtakanna alvarlega, fyrir að láta starfsmenn Neytendasamtakanna nota ólöglegan tölvubúnað.“

Þessi tillaga kostaði hann sæti í framkvæmdastjórn þegar hann var „tekinn af lífi“ um helgina, eins og hann orðar það.

Drífa Sigfúsdóttir, formaður Neytendasamtakanna, vísar því á bug, en segir nánast vonlaust að vinna með Vilhjálmi. „Ég hef ekki orðið vör við að hann geri sér grein fyrir ákveðnum síðareglum og því miður hefur trúnaðarbestur hans verið alvarlegs eðlis. Á síðustu mánuðum hafa Vilhjálmi verið gefin öll tækifæri sem hægt er að gefa og jafnvel fleiri en allt kemur fyrir ekki. Eg er búin að vera lengi í pólitík og get sagt að bæjarfulltrúar eru hátið miðað við Vilhjálmm, þeir skjóta ekki undir beltisstað. Vilhjálmi verður að lærast að einstaklingurinn er ekki aðalatriðið í neytendavernd heldur það sem fengist er við,“ segir Drífa Sigfúsdóttir.

Framtíð Vilhjálms í neytendastarfi á Akureyri er óbreytt að hans sögn og hann segir næsta verkefni að hjálpa nýjum starfsmanni á nýrri skrifstofu á Akureyri. Vilhjálmmur er enn í stjórn samtakanna og segir hann að ekki standi til að segja sig úr samtökunum. Nk. fimmtudagskvöld verður haldinn opin fundur á Fiðlaranum á Akureyri þar sem Vilhjálmmur mun kynna ýmsa starfsemi á liðnum árum. -BP